



Vopnafjörður

Fundargerð hreppsnefndar 17. september 2016

Fundur

Fundur nr. 47 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 15. september 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Hinrik Ingólfsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. 1. Almenn mál:

2. Drög að samþykkt um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og þjónustugjöld í Vopnafjarðarhreppi

Drögin samhljóða samþykkt.

1. Málefni sparkvalla

Tölvubréf Aðalbjörns Björnssonar tekið fyrir en meðfylgjandi var skýrsla unnin fyrir Fjarðabyggð er varðar málefni sparkvalla. Fram fór umræða um málið og síðan samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra og Magnúsi Má að kanna kostnað við endurbætur á vellinum.

1. Staða löggæslumála á Norðausturlandi

Tölvubréf Hjartar Davíðssonar lögreglumanns tekið til umræðu. Síðan var eftirfarandi bókun samhljóða samþykkt:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps lýsir þungum áhyggjum af þróun löggæslumála á svæðinu frá Vopnafirði til Raufarhafnar.

Staðan löggæslumála er þannig að einn lögreglumaður er starfandi á Vopnafirði og hefur verið svo frá 1. apríl sl. Á Þórshöfn er annar lögreglumannanna í ótímabundnu veikindaleyfi þannig að aðeins einn lögreglumaður er þar starfandi eins og staðan er í dag.

Þegar upp koma forföll hjá starfandi lögreglumönnum á svæðinu Vopnafjörður – Raufarhöfn er svæðið mannað með einum lögreglumanni eða það jafnvel án löggæslu.

Í tillögu þingmannanefndar um skiptingu viðbótarfjármagns til löggæslu 2014 kom fram að tveir lögreglumenn skyldu staðsettir á Vopnafirði sem og á Þórshöfn.

Starfssvæði lögreglunnar á Norðausturlandi er víðfeðmt og langar vegalengdir milli staða. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps telur það því alls óviðunandi fyrir íbúa svæðisins að lögregluembættinu skuli ekki sköpuð skilyrði til að halda úti viðunandi löggæslu. Sveitarstjórn beinir því til innanríkisráðherra og lögreglustjórans á Austurlandi að tryggt sé að íbúar svæðisins búi við það öryggi sem þeim ber.

1. Finnafjarðarverkefnið minnispunktar

Sveitarstjóri fór yfir málið og það síðan rætt. Fulltrúar Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps funduðu með fulltrúum bremenports og EFLU sl. daga auk borgarafunda á Þórshöfn og Vopnafirði þar sem staða verkefnisins var til kynningar.

1. Bréf til sveitarstjórnar frá:

1. Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga

Fundarboð aðalfundar Samtaka sjávarútvegsfélaga 23. september nk. Samhljóða samþykkt að sveitarstjóri sækji fundinn.

2. Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum

Fundarboð ársfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 23. september nk. Samhljóða samþykkt að Sigríður Elva Konráðsdóttir sækji fundinn.

3. Sjávarútvegsskólanum

Lag fram til kynningar.

2. Fundargerðir:

1. 29. fundar stjórnar sjávarútvegssveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 16:42.

[Fylgigögn fundar 170916 \(2\).pdf](#)